

Samantekt: Þróun launamunar hjá Reykjavíkurborg 1999 - 2007
Nemandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen
Sérsvið: Hagfræði
Dagsetning: Október 2008

Rannsóknin beindist að þróun launamunar hjá Reykjavíkurborg í ljósi stefnu borgarinnar að ná niður ómálefnalegum launamun á milli hópa, svo sem kynja, faghópa og stéttarféлага. Reykjavíkurborg er einn vinnustaður og hefur unnið að því undanfarin ár að eyða ómálefnalegum launamun og var sjónum sérstaklega beint að því í þessari rannsókn. Skoðaður var launamunur starfsmanna í fullu starfi í októbermánuði 1999, 2001, 2003, 2005 og 2007 óháð stéttarfélagi og vinnustað/sviði. Rannsóknin var unnin á heildarhóp starfsmanna í fullu starfi annars vegar og starfsmatshópinum hins vegar sem var u.þ.b. helmingur þeirra starfsmanna sem var í fullu starfi á hverjum tíma. Fyrir starfsmatshópinum var launamunur skýrður með innbyrðis röðun starfa auk sömu forsendna og fyrir heildarhópinum. Það var gert til að geta borið þessa tvo hópa saman. Auk þess voru erlendir starfsmenn og starfsmenn sem verið höfðu í fullu starfi samfelld öll árin skoðaðir sérstaklega. Tvenns lags aðferðafræði var beitt annars vegar þáttunaraðferðafræði Oaxaca og hefðbundin aðhvarfgreining.

Helstu niðurstöður:

1. Dagvinnulaunamunur kynja hefur farið úr 15% í 4% frá 1999 til 2007 og er sambærilegur fyrir heildarhóp og starfsmatshóp.
2. Heildarlaunamunur hefur farið úr 14% í 9% á sama tíma.
3. Ef tekið er tillit til innbyrðis röðunar starfa í starfsmatshópnum þá er enginn ómálefnalegur launamunur í dagvinnulaunum. Konur eru að meðaltali með lægri innbyrðis röðun og ef við gerum ráð fyrir sambærilegri dreifingu í störf í heildarhópnum þá má gera ráð fyrir að það sé enginn ómálefnalegur launamunur í dagvinnulaunum meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar.
4. Heildarlaunamunur er 7% árið 2007 þegar tekið er tillit til innbyrðis röðunar starfa.
5. Erlendir starfsmenn voru 68 árið 1999 í 3 starfaflokkum en árið 2007 eru þeir 305 í öllum starfaflokkum. Launamunur er minni meðal erlendra starfsmanna en munurinn minnkar eftir því sem þeir gegna fjölbreyttari störfum. Launamunurinn fór úr 8% í 3% á tímabilinu.
6. Dagvinnulaunamunur meðal starfsmanna sem hafa verið samfelld í starfi frá 1999 var 23% og minnkar í 7% 2007 og heildarlaunamunurinn fór úr 18% í 12%. Þessi hópur er ekki dæmigerður fyrir þverskurð starfsmanna borgarinnar.
7. Launasamsetning hefur breyst á tímabilinu. Launamunur í dagvinnu var meiri en launamunur í heildarlaunum 1999 en hefur snúist við 2007.
8. Niðurstöðurnar eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna þar sem aukin reynsla kvenna og menntun hefur leitt til minni launamunar.